



Borgarráð

Reykjavík, 18. ágúst 2026  
USK26080149

### **Suðurlandsbraut 66 – afsal 30% eignarhlutar**

Lagt er til að borgarráð samþykki að afsala Ríkissjóði Íslands 30% eignarhlut sveitarfélagsins í fasteigninni Suðurlandsbraut 66, Reykjavík, F2298369, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber.

#### **Greinargerð:**

Þann 19. mars 2025 var gengið frá samkomulagi milli ríkis og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytta ábyrgðaskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila. Í samkomulaginu kemur fram að ekki verður lengur gerð krafa um að sveitarfélög beri að lágmarki 15% af stofnkostnaði hjúkrunarheimila auk þess sem þeim verður heimilt að innheimta gatnagerðargjöld af úthlutun lóða undir starfseminu. Í framhaldi af gerð samningsins voru gerðar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra vegna breyttar ábyrgðarskiptingar, sbr. lög nr. 40/2025, til staðfestingar á því að kostnaður við öflun húsnæðis vegna hjúkrunarheimila greiðist úr ríkissjóði. Í lögunum kemur enn fremur fram að samhliða breytingum á ábyrgðaskiptingu vegna uppbyggingar hjúkrunarheimila skal afskrifa og yfirfæra eignarhlut sveitarfélaga í fasteignum hjúkrunarheimila til ríkisins sem mun alfarið annast og kosta viðhald og endurbætur á viðkomandi fasteign. Yfirfærsla á eignarhlut sveitarfélaga nær aðeins til hjúkrunarheimila sem eru í rekstri og sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga og skal lokið eigi síðar en 1. janúar 2026. Bókfært virði eignarhlutar Reykjavíkurborgar í hjúkrunarheimilinu Mörk, Suðurlandsbraut 66, nam 529.568.398 kr. þann 31. desember 2025, sem færast mun til afskriftar í uppgjöri 2026.

Hildur Björnsdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:  
Afsal, dags. 28. apríl 2026



**Reykjavík**

# AFSAL

## Formáli

Þann 19. mars 2025 var gengið frá samkomulagi milli ríkis og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytta ábyrgðaskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila. Í samkomulaginu kemur fram að ekki verður lengur gerð krafa um að sveitarfélög beri að lágmarki 15% af stofnkostnaði hjúkrunarheimila auk þess sem þeim verður heimilt að innheimta gatnagerðargjöld af úthlutun lóða undir starfseminu.

Í framhaldi af gerð samkomulagsins voru gerðar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra vegna breyttrar ábyrgðarskiptingar, sbr. lög nr. 40/2025, til staðfestingar á því að kostnaður við öflun húsnæðis vegna hjúkrunarheimila greiðist úr ríkissjóði.

Í lögnum kemur enn fremur fram að samhliða breytingum á ábyrgðarskiptingu vegna uppbyggingar hjúkrunarheimila skal afskrifa og yfirfæra eignarhlut sveitarfélaga í fasteignum hjúkrunarheimila til ríkisins sem mun alfarið annast og kosta viðhald og endurbætur á viðkomandi fasteign. Yfirfærsla á eignarhlut sveitarfélaga nær aðeins til hjúkrunarheimila sem eru í rekstri og sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga og skal lokið eigi síðar en 1. janúar 2026.

Afsal þetta er til staðfestingar á breyttri ábyrgðarskiptingu vegna hjúkrunarheimila.

### 1. gr.

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt sveitarfélagið, selur hér með og afsalar Ríkissjóði Íslands kt. 540269-6459, hér eftir nefndur ríkissjóður, hlutdeild í neðangreindri fasteign.

### 2. gr.

Hið afsalaða er 30% eignarhlutur sveitarfélagsins í fasteigninni Suðurlandsbraut 66, Reykjavík, F2298369, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber. Um er að ræða hjúkrunarheimili sem byggt var sameiginlega af hálfu ríkis og sveitarfélags árið 2009.

Með samningi þessum er formgert að hið afsalaða verður framvegis í alfarið í eigu ríkissjóðs í samræmi við 2. gr. laga nr. 40/2025 breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra.

### 3. gr.

Ekkert kaupverð er greitt fyrir hinn afsalaða eignarhlut. sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 40/2025 um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra.

### 4. gr.

Afhending eignarhlutarins í skilningi fasteignakaupalaga fer fram þann 1. janúar 2026.

### 5. gr.

Ríkissjóður sættir sig við ástand eignarinnar að öllu leyti og ber ábyrgð á viðhaldi og endurbótum eignarinnar.

### 6. gr.

Eignin er seld án kvaða og veðbanda.

Ríkissjóðir greiðir öll gjöld vegna afsals þessa, þ.m.t. stimpil- og þinglýsingagjöld.

Um afsal þetta og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup.

pmk  
Jóh

7. gr.

Verði umrædd eign skv. 2. gr. seld eða henni ráðstafað undir aðra starfsemi en rekstur hjúkrunarheimilis fellur hún ekki lengur undir lög nr. 40/2007 og er sveitarfélaginu þá heimilt að innheimta lóðaleigu sem og skatta og gjöld í samræmi við nýja notkun á eigninni.


8. gr.

Samkvæmt framansögðu lýsir sveitarfélagið því hér með yfir að ríkissjóður er réttur og löglegur eigandi að hinu afsalaða og öllu sem því fylgir.

Afsal þetta er gert í þremur samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn aðila og eitt á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar á afsali þessu.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir afsal þetta með eigin hendi og í votta viðurvist.

Reykjavík, 28. apríl 2026




F.h. Ríkissjóðs Íslands  
(kaupandi)



F.h. Reykjavíkurborg  
(seljandi)

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:



Nafn og kt.



Nafn og kt.